

Reglugjörð

108
22. okt.

fyrir forðagæslumenn Dalasýslu.

1. gr.

Allir forðagæslumennn í hreppum Dalasýslu skulu fara fyrstu skoðunarferð sína ár hvert á tímabilinu frá 15. október til 10. nóvember.

2. gr.

Í fyrstu skoðunarferð sinni, skulu þeir rannsaka sem frekast kostur er á hjá hverjum skepnu- og fódurbirgðaeiganda í öllum hreppum sýslunnar eftirfarandi atriði:

- a. Mæla öll hey, töðu og úthey, í ten.metr., einnig spyrjast fyrir um annan fódurauka og tilgreina hver hann sje, mæla hann eða meta til fódurs til jafngildis við óhrakta góða töðu og geta þess í athugasemd.
- b. Gjöra álit sitt um það, hvort fódurbirgðir hvers einstaks sje nægilegar í hörðum vetri — fódur handa ákveðinni tölu hveðrar tegundar skepna.
- c. Spyrjast rækilega fyrir um, hvað fódurbyrgðaeigandi ætli sjer að setja á vetur — hafa á fódri — margar kýr, sauðfje og hross.
- d. Ákveði hvort umfram fódur sje, eða fódur vanti og þá hve mikið fyrir hverjar skepnur helst. Vanti fódur að álitu forðagæslumanna, þá skulu þeir ráðleggja hverjum skepnum helst skal farga af fódurum, eiganda að sem skaðminstu — sje eigi kostur að fá fódur til viðbótar.
- e. Skýri frá fódurbirgðum í fódurforðabúrinu — töðu, útheyi eða öðru fódri sje forðabúr stofnað.
- f. Skoði húsakynni búpenings og skýri frá ástandi þeirra. Vanti húsakynni sje ákveðið fyrir hverja tegund skepna vanti og fyrir hve margt.

3. gr.

Samkvæmt 2. gr. a-lið, skal mæla öll hey. Nú er eigi sama um heygæði að því sem kunnugt er, og hægt verður að grenslast eftir, nje hve hey eru sigin, föst eða laus. Skulu því forðagæslumenn meta heyin til máls og fódurs miðað við meðalhey, vel verkuð, sinulaus og meðallagi sigin.

4. gr.

Að afloknu starfi samkv. 2. og 3. gr. skulu forðagæslumenn innfæra álit sitt í forðagæslubókina.

5. gr.

Önnur skoðunarferð skal farin á tímabilinu frá 15 mars til 10. aprilmánaðar ár hvert.

6. gr.

Í annari skoðunarferð skulu forðagæslumenn að öllu gæta sömu reglna,

108 sem fyrir er mælt í 2. gr. undir staflíðunum a, d, e, og f ásamt ákvæðum 3. gr. 22. okt.

Þess utan skulu forðsgæslumenn telja allan fjenað sem á fóðrum er rækilega, og ákveða hvað alt það fóður sem til er muni duga handa öllum skepnum fram úr, þó að vorhart verði. Þá skulu þeir og gefa hverjum þeim, er skepnur og fóður hafa með höndum, einkunnir fyrir fóðurmeðferð og holdafar skepnanna, með tölunum: 6, 5, 4, 3, 2 og 1, sem þýða: ágætlega, vel, sæmilega, laklega, illa og afarilla.

7. gr.

Þegar annari skoðun er lokið samkv. 6. gr., skulu forðagæslumenn innfæra alt í forðagæslubókina.

8. gr.

Þriðja skoðun skal fara fram, strax þá heygjöf er hætt, eða áður fjenaði er slept úr húsi. Skal þá rannsaka á hverju heimili og spyrjast fyrir um eftirfarandi atriði:

- a. Telja allar skepnur er framfleytt hefir verið á hverju heimili.
- b. Skoða allar skepnur og gefa einkunnir fyrir meðferð og holdafar þeirra, með tölunum sjá 6. gr.
- c. Mæla alla fóðurleyfar, töðu og úthey í ten.metr. og annað fóður, ásamt birgðum í fóðurförðabúri, ef til eru.
- d. Grenslast eftir hjá hverjum fóðurbirgða- og skepnueiganda hvað gjafatíminn muni hafa samsvarað margra vikna innistöðutíma fyrir hverja skepnutegund útaf fyrir sig.
- e. Spyrjast rækilega fyrir um vanhöld á öllum tegundum fjenaðarins, af þeirri tölu er sett var á vetur — og unglambadauða til þess tíma er þessi skoðun fer fram.

9. gr.

Þá þriðju skoðun er lokið, og forðagæslumenn hafa grenslast eftir öllu sem nánast, skulu þeir innfæra skýrslu sína í forðagæslubókina.

10. gr.

Að öðru leyti en því, sem tekið er fram í reglum þessum, gæta forðagæslumenn skyldu sinnar, sem lög nr. 44 frá 10. nóvember 1913, um forðagæslu, mæla fyrir.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Islands, 22. október 1914.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.